



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 36. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 7. október 2015  
og hófst kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Zophonías Ari Lárusson, formaður  
Guðmundur Haukur Jakobsson, varaformaður  
Oddný María Gunnarsdóttir, aðalmaður

**Fundargerð ritaði:** Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð Róta Bs - stjórnarfundur 8 sept 2015 - 1510010**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar*

**2. Fundargerð Róta bs. - stjórnarfundur 17. september 2015 - 1510008**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar*

**3. Ósk um undanþágu frá 8000 íbúa viðmiði - 1510011**

*Bréf Velferðarráðuneytisins frá 22. september þar sem ráðuneytið fjallar um beiðni sveitarfélaganna Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar um undanþágu frá 8000 viðmiði samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 59/1992 er lagt fram til kynningar.*

**4. Fundargerð stjórnar SSNV frá 8. sept - 1510012**

*Byggðaráð samþykkir eftirfarandi bókun við fundargerð þessa:*

*"Byggðaráð furðar sig á að SSNV hafi ekki lokið við að ráða atvinnuráðgjafa á Blönduósi að nýju eins og rætt var um á ársþingi SSNV á Hvammstanga árið 2014. Á svæðinu eru uppi miklar hugmyndir um atvinnuuppbyggingu og mikil þörf er fyrir markaðs- og kynningarstarf á atvinnustarfsemi sem fyrir er t.a.m. ferðaþjónustu.*

*Byggðaráð krefst þess að stjórn SSNV gangi frá ráðningu atvinnuráðgjafa á Blönduósi eins fljótt og auðið er"*

*Fundargerðin lögð fram til kynningar*

**5. Fundargerð stjórnar SSNV - 15 sept 2015 - 1510013**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar*

**6. Ársþing SSNV 2015 - drög að dagskrá - 1510014**

*Ársþing SSNV 2015 verður haldið á Blönduósi föstudaginn 16. október n.k. Dagskrá þingsins lögð fram til kynningar.*



7. **Fundargerð sambands íslenskra sveitarfélaga - stjórnarfundur 11. september 2015 – 1510015**  
*Fundargerð lögð fram til kynningar*
8. **16. aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands - 1510009**  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar*
9. **Fundargerð stjórnar Veiðifélags Blöndu og Svartár - stjórnarfundur 24. september 2015 – 1510007**  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar*
10. **Fundargerð sambands íslenskra sveitarfélaga - stjórnarfundur 11. september 2015 – 1510015**  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar*
11. **Rekstrarstyrkur fyrir árið 2016 - 1509023**  
*Farskólinn-miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra óskar eftir rekstrarstyrk að upphæð 163.000 kr. fyrir árið 2016.*  
  
*Byggðaráð samþykkir erindið.*
12. **Beiðni um þátttöku í kostnaði við rekstur sumarbúða fyrir fötluð börn og ungmenni – 1509024**  
*Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra óskar eftir þátttöku í kostnaði við rekstur sumarbúða fyrir fötluð börn og ungmenni að upphæð 46.900 kr.*  
  
*Byggðaráð samþykkir erindið.*
13. **Erindi frá Ámundakinn - 1509018**  
*Ámundakinn ehf. gerir Blönduósbæ tilboð í allt hlutafé sveitarfélagsins í Tækifæri ehf.*  
  
*Afgreiðslu málsins frestað og felur byggðaráð sveitarstjóra að afla upplýsinga um málið.*
14. **Vinnuferli við fjárhagsáætlun 2016 - 1510016**  
*Sveitarstjóri lagði fram og kynnti vinnuferli við fjárhagsáætlunargerð 2016.*
15. **Önnur mál**  
  
**Kleifar – 1410016**  
*Ábúðarsamningi vegna jarðarinnar Kleifa hefur verið sagt upp. Samningaumleitaniir hafa ekki skilað árangri.*  
*Byggðaráð samþykkir að fela lögmanni sveitarfélagsins að leiða málefni jarðarinnar Kleifa til lykta.*



## Íbúafundur – 1510022

Á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar þann 14. apríl 2015 var eftirfarandi bókað:  
“Sveitarstjórn samþykkir að fela byggðarráði að kanna kosti og galla þess að fram fari kosning meðal íbúa Blönduósbæjar um hámarkshraða á götum bæjarins. Byggðaráð komi með tillögu í málinu fyrir 1. október 2015”.

Umræður urðu um málið og byggðaráð leggur til að boðað verði til íbúafundar í byrjun febrúar 2016.

## Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00
